

Reglur um stuðning við starfsnám starfsmanna Vestmannaeyjabæjar

- 1. Reglur þessar gilda um þá starfsmenn Vestmannaeyjabæjar sem stunda viðurkennt háskóla- eða iðnnám samhliða starfi hjá Vestmannaeyjabæ.*
- 2. Stuðningur er háður því að námið tengist réttindum og/eða hæfni í viðkomandi stöðu. Vestmannaeyjabær hefur yfir að ráða hæfu, áhugasömu og traustu starfsfólki og vill með þessum stuðningi hjálpa því til að vaxa og dafna í starfi.*
- 3. Starfsmaður skal óska formlega eftir stuðningi til framkvæmdastjóra síns sviðs. Með umsókn skal fylgja umsögn forstöðumanns.*
- 4. Mögulegur stuðningur Vestmannaeyjabæjar er sem hér segir:*

- i. Veitt er heimild til launaðrar fjarveru til setu í námslotum í 3 daga á ári.*
- ii. Greiddur er ferðastyrkur sem nemur 10.000 krónum á ári gegn framvísun kvittana fyrir ferðalögum tengdum námslotum.*
- iii. Ef aðstaða er til í stofnun viðkomandi starfsmanns er honum heimilt að nýta hana utan vinnutíma til námsins.*

*Samþykkt á fundi bæjarráðs
24. janúar 2018*